

## Ú R S K U R Ð U R

**Héraðsdóms Reykjavíkur þriðjudaginn 5. nóvember 2013 í máli nr. X-76/2011:**

**Olíudreifing ehf.**

*(Gunnlaugur Úlfsson hdl.)*

**gegn**

**Glitni hf.**

*(Hilda Valdimarsdóttir hdl.)*

Máli þessu, sem er ágreiningsmál við slitameðferð varnaraðila, var beint til dómsins með bréfi slitastjórnar varnaraðila 28. febrúar 2011 og var það þingfest 18. apríl sama ár. Um lagagrundvöll vísaði slitastjórn til 171. gr., sbr. 2. mgr. 120. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Málið var tekið til úrskurðar að lokinni aðalmeðferð 4. október sl.

Sóknaraðili er Olíudreifing ehf., Gelgjutanga, Reykjavík, en varnaraðili er Glitni hf., Sóltúni 26, Reykjavík.

Sóknaraðili krefst þess að við slitameðferð varnaraðila verði krafa hans að fjárhæð 682.172.650 krónur viðurkennd sem almenn krafa samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., sbr. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, auk dráttarvaxta af 986.707.063,45 krónum frá 7. október 2008 til 22. apríl 2009, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess aðallega að staðfest verði sú afstaða slitastjórnar hans að hafna ofangreindri kröfu sóknaraðila, sem er nr. CL20091125-3623, í kröfuskrá varnaraðila.

Þá krefst varnaraðili málskostnaðar.

I

Eins og að framan greinir er mál þetta ágreiningsmál við slitameðferð varnaraðila en samkvæmt heimild í 100. gr. a laga nr. 161/2002, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., tók Fjármálaeftirlitið 7. október 2008 yfir vald hluthafafundar í varnaraðila, vék stjórn hans frá og setti yfir hann skilaneftnd.

Varnaraðila var 24. nóvember 2008 veitt heimild til greiðslustöðvunar með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur. Með lögum nr. 44/2009, sem breyttu nokkrum ákvæðum laga nr. 161/2002, var varnaraðili tekinn til slita og skyldi upphaf þeirra

miðast við 22. apríl 2009 þegar lögín öðluðust gildi. Héraðsdómur Reykjavíkur skipaði 12. maí sama ár slitastjórn sem annast meðal annars meðferð krafna á hendur varnaraðila. Hún gaf út innköllun til skuldheimtumanna félagsins 26. maí 2009 og lauk kröfulýsingarfresti 26. nóvember sama ár. Í samræmi við ákvæði 102. gr. laga nr. 161/2002 eins og greininni var breytt með lögum nr. 44/2009 fer að meginstefnu um meðferð krafna á hendur fjármálafyrirtæki sem er til slitameðferðar eftir ákvæðum laga nr. 21/1991.

Sóknaraðili lýsti þeirri kröfu sem að ofan er rakin innan kröfulýsingarfrests en slitastjórn varnaraðila hafnaði henni. Mótmælti sóknaraðili þeirri afstöðu innan lögboðinna tímamarka. Voru mótmælin tekin fyrir á kröfuhafafundi 2. desember 2010, en einnig var haldinn sérstakur fundur um kröfuna 4. febrúar 2011. Var þar reynt að jafna ágreining aðila en án árangurs og var málinu í kjölfarið vísað til úrlausnar dómsins í samræmi við ákvæði laga nr. 21/1991.

## II

Í máli þessu deila aðilar um hvort varnaraðili beri skaðabótaskyldu gagnvart sóknaraðila vegna tjóns sem sá síðarnefndi varð fyrir vegna verðlækkunar hlutdeildarskírteina, sem hann átti í sjóði 9.3 sem var fjárfestingarsjóður rekinn af Glitnis sjóðum hf., sem er dótturfélag varnaraðila.

Aðilar máls þessa gerðu með sér samning um eignastýringu 13. desember 2007. Með samningnum var varnaraðila falið að hafa með höndum fjárvörslu fyrir sóknaraðila, þ.e. vörslu, innheimtu, kaup og sölu verðbréfa, auk þess sem bankinn skyldi veita ráðgjöf um eignauppbýggingu. Áskilið var að fjárfestingarnar væru í samræmi við sérstaka fjárfestingarstefnu, sem undirrituð var samhliða samningnum.

Ekki er ástæða til að tíunda nákvæmlega hvernig framkvæmd umrædds samnings var nánar háttað utan að óumdeilt er í málinu að í júní 2008 lagði sóknaraðili inn á fjárvörslureikning sem samningnum tengdist 6.900.000 bandaríkjadali og óskaði eftir að umrædd fjárhæð yrði ávöxtuð í þeim gjaldmiðli.

Var þetta gert með því að varnaraðili keypti fyrir hönd sóknaraðila hlutdeildarskírteini í sjóði 9.3 – peningamarkaðssjóði USD. Er ekki um það deilt í málinu að þessi ráðstöfun hafi verið með samþykki beggja og hafi rúmast innan þeirrar fjárfestingarstefnu sem gildi samkvæmt ofangreindum samningi aðila.

Umræddur sjóður var einn af fleiri peningamarkaðssjóðum sem reknir voru af Glitnis sjóðum hf. sem var rekstrarfélag í eigu varnaraðila. Félagið taldist sjálfstætt fjármálafyrirtæki og starfaði samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði sem þá giltu. Í síðastnefndum lögum er kveðið á um heimild fyrir rekstrarfélag samkvæmt lögnum til að útvista nánar greindum verkefnum að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Liggur fyrir að nánar greindum verkefnum var útvistað til varnaraðila á grundvelli umræddrar heimildar. Þá gegndi varnaraðili einnig hlutverki svokallaðs vörslufyrirtækis en hlutverk þess og skyldur eru tíundaðar í 20. gr. laganna.

Í málinu liggur fyrir að sjóður 9.3 var fjárfestingarsjóður með sérstaka fjárfestingarstefnu. Í 6. tl. 2. gr. laga nr. 30/2003 kemur fram að hlutdeildarskírteini sé fjármálagerningur sem sé staðfesting á tilkalli allra þeirra sem eigi hlutdeild í sjóði um sameiginlega fjárfestingu, eða einstakri deild hans, til verðbréfaeignar sjóðsins. Í 1. mgr. 53. gr. laga nr. 30/2003 er m.a. kveðið á um að hlutdeildarskírteini fjárfestingarsjóða séu innlausnarskyld og að um innlausn fari samkvæmt reglum sjóðsins. Í 2. mgr. sama ákvæðis kom fram að fjárfestingarsjóðum sé heimilt samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins að fresta innlausn hlutdeildarskírteina. Frestun skuli vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina og verði aðeins beitt ef sérstakar ástæður mæli með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjist. Frestun skuli þegar í stað tilkynna Fjármálaeftirlitinu auk þess sem hún skuli auglýst opinberlega.

Glitnir sjóðir hf. tilkynntu mánudaginn 29. september 2008 að félagið hefði ákveðið eftir samráð við Fjármálaeftirlitið að fresta innlausn hlutdeildarskírteina hjá rekstrarfélaginu. Kemur m.a. fram í tilkynningu um þetta að ákvörðunin sé í takt við þá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins að stöðva tímabundið viðskipti með fjármálagerninga varnaraðila.

Sama dag var birt fréttatilkynning þar sem m.a. kom fram að íslenska ríkið hefði lagt varnaraðila til 84.000.000.000 krónur sem nýtt hlutafé og við það eignist íslenska ríkið 75% hlut í bankanum. Kemur og fram að eigin- og lausafjárstaða bankans hafi styrkst verulega.

Tilkynnt var um það miðvikudaginn 1. október 2008 að Glitnir hafi ákveðið að opna fyrir sjóði sem hafi verið lokaðir síðan mánudaginn 29. september sama ár. Í sjóðum Glitnis séu nú engin skuldabréf á Stoðir hf. Tilkynnt var um að við endurmat á eignum sjóðs 9 lægi fyrir að eignir hefðu rýrnað um 7%. Tekið var fram að ákvörðun um að loka fyrir kaup og sölu sjóðanna hafi verið nauðsynleg til að tryggja rétta verðmyndun á eignum viðskiptavina Glitnis í sjóðunum og jafnframt að skapa svigrúm og tíma til að koma eignum í verð.

Sem svar við áskorunum sóknaraðila lagði varnaraðili fram upplýsingar um fjölda innlausna á hlutdeildarskírteinum í sjóði 9.3 dagana 1., 2. og 3. október 2008 og hverjir þeirra sem innleystu hlutdeildarskírteini sín hafi notið þjónustu eignastýringar varnaraðila. Af þeim gögnum má sjá að 67 aðilar innleystu hlutdeildarskírteini sín umrædda þrjá daga og voru 16 þeirra í eignastýringu hjá varnaraðila. Einnig má sjá að eigendur hlutdeildarskírteina við lokun sjóðsins hafi verið 147 talsins en af þeim hafi 43 verið með samninga um eignastýringu við varnaraðila. Samkvæmt sömu tölfræðiupplýsingum frá varnaraðila voru á umræddum þremur dögum innleyst hlutdeildarskírteini fyrir samtals að jafnvirði 19.634.779 bandaríkjadali. Við lokun sjóðsins stóðu inni í honum eignir sem taldar voru jafnvirði 28.450.903 bandaríkjadala. Gengi sjóðsins var skráð 1060,35 þann 1. október en 1060,48 bæði 2. og 3. október. Gengi mun ekki hafa verið skráð 6. október og þann dag var lokað fyrir innlausn úr sjóðnum. Sóknaraðili óskaði eftir innlausn úr sjóðnum með tölvuskeyti til starfsmanns varnaraðila 7. október 2008. Eins og kunnugt er var skilanefnd skipuð yfir varnaraðila 7. október 2008. Önnur stærstu fjármálafyrirtæki landsins fóru sömu leið eins og alkunna er. Sjóður 9.3 opnaði ekki aftur og var innlausnarbeiðni sóknaraðila því ekki afgreidd. Þann 17. október 2008 gaf Fjármálaeftirlitið út tilmæli til rekstrarfélaga verðbréfasjóða um

að grípa til aðgerða til að slíta peningamarkaðssjóðum félaganna.

Nokkrar greiðslur hafa verið inntar ef hendi til hlutdeildarskírteinishafa í sjóði 9.3. og var lokagreiðsla innt af hendi 20. júní 2012. Var mál þetta í fresti að sameiginlegri ósk aðila þar til umrætt lokauppgjör hafði farið fram og voru greinargerðir aðila ekki lagðar fram í málinu fyrr en eftir nefnda dagsetningu.

### III

Sóknaraðili kveðst í greinargerð sinni byggja á því að hann hafi vegna ólögmætrar og saknæmrar háttsemi starfsmanna varnaraðila, sem og annarra aðila sem hann beri ábyrgð á, orðið fyrir tjóni sem nemi umkrafinni fjárhæð. Sóknaraðili telji varnaraðila bera skaðabótaábyrgð á því tjóni. Af því leiði að viðurkenna verði skaðabótakröfu sóknaraðila, ásamt dráttarvöxtum sem almenna kröfu samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991 við slitameðferð varnaraðila.

Á því sé byggt að varnaraðili hafi með saknæmum og ólögmætum hætti vanrækt skyldur sínar samkvæmt eignastýringarsamningi, lögum og reglum og með því valdið sóknaraðila bótaskyldu tjóni. Í ljósi þess að varnaraðili hafi tekið að sér vörslu og eignastýringu á fjármunum sóknaraðila gegn greiðslu, hafi sóknaraðili mátt vera í góðri trú um að varnaraðili myndi gæta hagsmuna hans í hvívetna.

Samkvæmt 19. og 2. mgr. 62. gr. laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði og 5. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti hafi varnaraðila borið að starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur í verðbréfavíðskiptum, með trúverðugleika fjármáلامarkaðarins og hagsmuni sóknaraðila að leiðarljósi. Sóknaraðili telji einsýnt að varnaraðila hafi verið ljóst í hvað stefndi á haustmánuðum 2008 og hafi borið enn ríkari skyldur en ella til að hafa hagsmuni sóknaraðila að leiðarljósi. Telji sóknaraðili að skylda varnaraðila hafi snúið að því að innleysa hlutdeildarskírteini sóknaraðila og koma eignum hans í öruggt skjól. Að minnsta kosti telji sóknaraðili að varnaraðila hafi verið í lófa lagið að upplýsa sóknaraðila um það áhlaup sem gert hafi verið á sjóðinn í septembermánuði 2008 og jafnframt um þá stöðu sem hafi blasað við varnaraðila, þ.e. að útlit á markaðinum væri svart og að fjölmargir eigendur hlutdeildarskírteina hafi óskað eftir innlausn. Hafi sérfræðingar varnaraðila enda haft greiðan aðgang að upplýsingum um viðskipti með hlutdeildarskírteini í sjóðnum í kauphöll og borið að hafa sérstakt eftirlit með þeim vegna ábyrgðarstarfa sinna fyrir sóknaraðila.

Sóknaraðili telji óhætt að álykta að fjölmargir eigendur hlutdeildarskírteina í Sjóði 9.3 hafi verið í eignastýringu hjá varnaraðila. Sú staðreynd að stór hluti annarra hlutdeildarskírteiniseigenda hafi innleyst skírteini sín í sjóðinum dagana 29. september til 6. október 2008 bendi til þess að þeim hafi verið veittar upplýsingar um stöðu sjóðsins, sem sóknaraðili hafi ekki fengið. Sóknaraðili bendi á að varnaraðili hafi ekki getað beðið og séð hvernig málin þróuðust, heldur hafi honum verið skylt að veita sóknaraðila upplýsingar strax og varnaraðila hafi orðið staðan ljós enda hafi hann sérstaklega tekið að sér með samningi að stýra og gæta að eignum sóknaraðila. Varnaraðili hafi hins vegar ekki innleyst hlutdeildarskírteini sóknaraðila eða hafi tryggt eignir hans á annan hátt og telji sóknaraðili að á því

athafnaleysi verði varnaraðili nú að bera ábyrgð.

Í 18. gr. laga nr. 108/2007 sé kveðið á um þá meginreglu að fjármálafyrirtæki skuli leita allra leiða til að tryggja bestu mögulega niðurstöðu fyrir viðskiptavinum, sbr. og meginreglu 19. gr. sömu laga. Ljóst sé að varnaraðili hafi brotið gegn þessum lagaákvæðum með háttsemi sinni. Vanræksla varnaraðila á upplýsingagjöf til sóknaraðila sé vítaverð og í algjörri andstöðu við fyrrgreindar meginreglur sem og fyrrgreind ákvæði laga er lúti að skyldu til þess að hafa hagsmuni sóknaraðila að leiðarljósi.

Í ákvæði 16. gr. eignastýringarsamnings aðila sé kveðið á um hagsmunaárekstra og skyldu varnaraðila til óhlutdrægni, en í ákvæðinu sé vísað til verklagsreglna bankans sem sérstaklega væru til þess fallnar að „koma í veg fyrir hagsmunaárekstra, tryggja óhlutdrægni og til tryggingar því að viðskiptavinir njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör“. Samkvæmt heimildum sóknaraðila hafi hann verið langstærsti eigandi hlutdeildarskírteina í Sjóði 9.3 og sóknaraðili telji því að varnaraðili hafi vísvitandi haldið upplýsingum frá honum þar sem varnaraðili hafi haft gríðarlega hagsmuni af því að sóknaraðili innleysti ekki skírteini sín úr sjóðinum þar sem sjóðurinn hefði ekki getað staðið undir innlausn sóknaraðila. Þá telji sóknaraðili að eignasamsetning Sjóðs 9.3, sem hafi að verulegu leyti verið fjármálagerningar tengdir bankanum og eigendum hans, hafi leitt til þess að hagsmunir bankans hafi verið látnir vega þyngra en hagsmunir sóknaraðila sem hafi treyst varnaraðila með því að gera samning um stýringu og ávöxtun fjármuna sinna.

Sóknaraðili telji ljóst að ákvæði eignastýringasamningsins og verklagsreglnanna varðandi hagsmunaárekstra, óhlutdrægni og jafnræði hafi algjörlega verið fyrir borð borin. Í ljósi þess mikla fjölda sem hafi innleyst hlutdeildarskírteini sín skömmu áður en lokað hafi verið fyrir viðskipti með þau telji sóknaraðili ástæðu til að ætla að varnaraðili hafi nýtt sér umboð bankans til að innleysa hlutdeildarskírteini eða ráðlagt þeim að gera slíkt hið sama og brotið þar með gegn eðlilegu jafnfræði viðskiptavina bankans. Skorað sé á varnaraðila að leggja fram upplýsingar um framangreint, þ.e. að hve miklu leyti starfsmenn varnaraðila hafi innleyst hlutdeildarskírteini á grundvelli umboðs hlutdeildarskírteiniseigenda og hve margir hafi notið ráðgjafar eignastýringar varnaraðila frá 29. september til 6. október 2008.

Að öllu framanröktu telji sóknaraðili ljóst að varnaraðili hafi vanrækt skyldur sínar á saknæman og ólögsmætan hátt samkvæmt eignastýringasamningnum, lögum og reglum varnaraðila sjálfs.

Sóknaraðili byggir á því að varnaraðili hafi á saknæman og ólögsmætan hátt vanrækt skyldu sína til ráðgjafar og upplýsingaskyldu og beri á því skaðabótaábyrgð á grundvelli sakarreglunnar. Varnaraðili hafi verið grandvís um ástandið innan bankans og hafi verið ljóst að áhlaup hafi verið hafið á Sjóð 9.3 sem hafi krafist verulegra útgreiðslna úr honum. Ennfremur telji sóknaraðili að varnaraðila hafi verið það ljóst að slík „árás“ myndi leiða til stórtjóns fyrir þá viðskiptavinum sem eftir stæðu í sjóðnum.

Á haustmánuðum 2008 hafi óvissa um íslenska bankakerfið og einstaka banka aukist, einkum meðal erlendra greiningaraðila. Hafi þá farið að bera á

innlausnum úr sjóðunum, þvert á það sem búast hafi mátt við miðað við þær innlánstryggingar sem hafi verið í gildi og það að sjóðirnir hafi auglýst áhættudreifingu. Þeir sem tekið hafi út hafi því væntanlega haft grunsemdir um raunverulega stöðu sjóðanna. Það sé því áhugavert að rannsaka nánar hverjir það hafi verið sem tekið hafi út fé sitt á þessum tíma og hversu mikið hafi verið tekið út. Ekki hafi verið unnt að afla slíkra upplýsinga, jafnvel þó svo að eftir þeim hafi verið kallað.

Það sé útilokað að áhlaup á sjóðinn í byrjun septembermánaðar 2008 og þær hræringar sem verið hafi á fjármálamörkuðum á þessum tíma hafi ekki kveikt á einhverjum aðvörunarljósum hjá varnaraðila. Hafi sérfræðingar bankans verið svo verulega andvaralausir verði að telja að þeir hafi á engan hátt verið starfi sínu vaxnir ef slíkar auðséðar vísbendingar um slæmar horfur sjóðsins hafi ekki vakið athygli þeirra. Á grundvelli eignastýringarsamnings aðila hafi sóknaraðili treyst því að varnaraðili myndi gæta hagsmuna hans í hvívetna og gera allt sem í hans valdi stæði til að tryggja fjármuni varnaraðila. Líkt og framan hafi verið rakið hafi ekki komið til þess, hvorki fyrr né síðar, að starfsmenn varnaraðila vektu athygli sóknaraðila á slæmum horfum sjóðsins og þeirri staðreynd að fjölmargir aðrir hlutdeildarskírteinishafar hefðu innleyst skírteini sín í sjóðnum. Sóknaraðili hafi haft réttmæta ástæðu til þess að ætla að varnaraðili veitti honum slíkar veigamiklar upplýsingar svo sóknaraðili væri unnt að taka upplýstar ákvarðanir og gæta hagsmuna sinna.

Á fullkomnum markaði hafi allir aðilar sömu upplýsingar t.d. um þróun á fjármálamörkuðum. Í reynd sé svo ekki og telji sóknaraðili óhætt að fullyrða að starfsmenn fjármálafyrirtækja, eftirlitsaðila, fjölmiðla og ráðuneyta hafi haft betri upplýsingar um stöðu bankanna en almenningur. Slíkir aðilar séu því í betri aðstöðu en aðrir til að gæta hagsmuna sinna og koma fjármunum sínum í var. Við miklar innlausnir þurfi sjóðir að nýta það lausa fé sem til staðar sé í sjóðnum, en þegar það þrjóti þurfi þeir að selja eignir. Þá megi gera ráð fyrir að sjóðir selji fyrst eignir sem hafi markaðsverð og markaður sé fyrir s.s. ríkisbréf. Einnig megi gera ráð fyrir að sjóðirnir lækki innlánastöðu sína hjá öðrum fjármálafyrirtækjum og með því versni lausafjárstaða þeirra. Þegar þær eignir séu uppurnar þurfi sjóðirnir að grípa til þess ráðs að selja eignir sem lítill markaður sé fyrir og þurfi þá jafnvel að selja slíkar eignir á undirverði miðað við skráð virði í sjóðnum. Þannig séu líkur á að eignastaða sjóðsins rýrni gagnvart þeim eigendum hlutdeildarskírteina sem eftir séu í viðkomandi sjóði og hafi það einmitt verið staðan í þessu máli þar sem sóknaraðili hafi verið stærsti eigandi hlutdeildarskírteina í sjóðnum.

Það hljóti að vera umhugsunarefni sjóðstjóra og framkvæmdastjóra rekstrarfélags hvort loka eigi fyrir innlausnir úr sjóði þegar mikið sé um þær. Slíkt væri eðlilegt til að gæta jafnræðis milli hlutdeildarskírteinishafa. Sóknaraðili telji að jafnræðis hlutdeildarskírteinishafa í Sjóði 9.3 hafi ekki verið gætt. Stjórnendur rekstrarfélagsins hafi ekki tekið ákvörðun um að loka fyrir innlausnir í sjóðnum fyrr en hátt í helmingur eigna sjóðsins hafi verið innleystur. Nánar tiltekið hafi sá tæpi helmingur eigna sjóðsins sem greiddur hafi verið út, verið sá eignarhluti sem auðvelt hafi verið að innleysa, en eftir hafi staðið eignir sem beðið hafi afskrifta í stórum stíl og sem ekki hafi verið hægt að koma í verð fyrr en löngu síðar. Að mati sóknaraðila hafi borið að nýta ákvæði í útboðsgögnum sjóðsins og 2. mgr. 53. gr. laga nr. 30/2003 til þess að fresta innlausnum og gæta þannig að jafnræði og hagsmunum allra hlutdeildarskírteinishafa sjóðsins, sbr. 2. mgr. 15. gr. laganna.

Ennfremur bendi varnaraðili á að það hafi í raun verið hagsmunir varnaraðila en ekki sóknaraðila sem ráðið hafi því hverjir hafi fengið innlausn hlutdeildarskírteina sinna og hafi hagsmunir varnaraðila verið að engu hafðir. Framangreint fyrirkomulag hafi verið í fullkominni andstöðu við 1. mgr. 8. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti þar sem mælt sé fyrir um að fjármálafyrirtæki skuli gera allar tiltækar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar skaði hagsmuni viðskiptavina þess, sbr. 19. gr. reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja.

Með vísan til umfjöllunar um saknæma háttsemi starfsmanna varnaraðila telji sóknaraðili að hegðun varnaraðila hafi ekki verið í samræmi við þau viðmið, venjur, lagareglur eða samninga sem gildi á þessu sviði. Þannig hafi varnaraðili sýnt af sér saknæma og ólögsmæta háttsemi og beri því skaðabótaábyrgð vegna þess tjóns sóknaraðila sem af hafi hlotist.

Sóknaraðili kveðst benda á að varnaraðili hafi í raun farið með yferráð rekstrarfélagsins Glitnis sjóða hf. og því stjórnað fjárfestingum þeirra sjóða, sem rekstrarfélagið hafi haft með höndum til hagsbóta fyrir varnaraðila og aðila honum tengdum, en til tjóns fyrir almennan hlutdeildarskírteinishafa og viðsemjanda sinn. Sóknaraðili bendi á að í stjórn rekstrarfélagsins hafi á hverjum tíma setið lykilstjórnendur varnaraðila, ýmist í aðal- eða varastjórn. Árið 2007 megi þar nefna Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóra eignastýringar hjá varnaraðila, Birnu Einarsdóttur, framkvæmdastjóra markaðs- og sölumála hjá varnaraðila, Jóhann Ómarsson, framkvæmdastjóra Einkabankaþjónustu hjá varnaraðila, Rósant Má Torfason, framkvæmdastjóra Equity Investments hjá varnaraðila og Steinunni Kristínu Þórðardóttur, framkvæmdastjóra London office Glitnis banka hf.

Framangreint fyrirkomulag hafi verið í fullkominni andstöðu við 1. mgr. 8. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti þar sem kveðið sé á um að fjármálafyrirtæki skuli gera allar tiltækar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar skaði hagsmuni viðskiptavina þess, sbr. 19. gr. reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja. Þannig hafi stjórnunarleg tengsl varnaraðila og Sjóðs 9.3 verið verulega vafasöm og hafi verið til þess fallin að of mikið tillit hafi verið tekið til móðurfélagsins á kostnað eigenda hlutdeildarskírteina.

Til að renna enn frekari stoðum undir raunveruleg yferráð varnaraðila yfir rekstrarfélaginu sé á það bent að varnaraðili hafi haft með höndum stóran hluta reksturs Sjóðs 9.3 á grundvelli útivistunarsamnings. Hafi verkefni m.a. falist í áhættustýringu, bókhalds- og lögfræðiþjónustu, innra eftirliti, mati á verðmæti verðbréfa og annarra eigna, uppgjöri viðskipta og annarra verkefna sem fram komi í 2. tölul. 17. gr. laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði. Þá megi nefna að í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 hafi verið gerðar alvarlegar athugasemdir við það að ekki hafi verið aflað staðfests leyfis hjá Fjármálaeftirlitinu fyrir útvistun áhættustýringar samkvæmt fyrrnefndum útivistunarsamningi. Enn fremur hafi varnaraðili verið svokallað vörslufyrirtæki, sbr. 20. gr. laga nr. 30/2003 fyrir rekstrarfélagið Glitni sjóði hf. Með vörslufyrirtæki sé átt við fjármálafyrirtæki sem hafi umsjá og varðveislu fjármálagerna verðbréfa- og fjárfestingarsjóða. Varnaraðili hafi þannig haft með höndum margþáttað verkefni sem í fyrrnefndu ákvæði greini og beri ábyrgð

gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina samkvæmt 1. mgr. 22. gr. sömu laga. Af framansögðu sé ljóst að varnaraðili hafi haft yferráð yfir rekstrarfélaginu í krafti eignarhalds síns og stjórnunar.

Sóknaraðili byggi ennfremur á að varnaraðili hafi með háttsemi sinni sem raunverulegur stjórnandi rekstrarfélagsins Glitni sjóða hf., brotið gegn ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Samkvæmt 68. gr. laganna skuli málefni félags vera í höndum félagsstjórnar. Þá komi fram í ákvæði 76. gr. að félagsstjórn megi ekki gera neinar þær ráðstafanir sem séu til þess fallnar að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað félagsins. Þá sé félagsstjórn ekki heimilt að framfylgja ákvörðunum hluthafafundar eða annarra stjórnaraðila félagsins ef ákvarðanir séu ógildar sökum þess að þær brjóti í bága við lög eða félagssamþykktir. Að auki byggi sóknaraðili á því að háttsemi varnaraðila hafi falið í sér brot gegn ákvæði 95. gr. laganna, sem lúti að því að hluthafafundur megi ekki taka ákvörðun sem sé til þess fallin að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins.

Að auki byggi sóknaraðili á því að varnaraðili beri sem móðurfélag ábyrgð á dótturfélagi sínu á grundvelli almennra regla skaðabótaréttarins og ákvæðis 2. mgr. 134. gr. laga nr. 2/1995. Ákvæðið lúti að skyldu hluthafa til að bæta tjón sem hann af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hafi valdið félaginu, öðrum hluthöfum eða þriðja aðila með broti á ákvæðum laganna eða samþykktum félagsins. Því til stuðnings vísi sóknaraðili til Hæstaréttardóms í máli réttarins nr. 292/2003 þar sem talið hafi verið að móðurfélag bæri skaðabótaskyldu vegna tjóns kröfuhafa dótturfélagsins.

Almennt hafi verið litið svo á að dótturfélag og móðurfélög teljist ekki sami aðilinn í skaðabótarétti. Hins vegar sé almennt viðurkennt að litið sé til þess hvort tengsl séu þess eðlis að til samsömunar ætti að koma. Sóknaraðili telji engum vafa undirorpið að samsama verði varnaraðila dótturfélagi hans og gera hann ábyrgan fyrir athöfnum félagsins og þeim ákvörðunum sem dótturfélagið hafi tekið. Bendi sóknaraðili á að varnaraðili hafi haft veigamikil ítök í sjóðnum sem hafi t.a.m. lotið að daglegum rekstri og vörslum verðbréfa sjóðsins. Þá sé á það bent að skjöl sem veiti upplýsingar um Sjóð 9.3 stafi frá varnaraðila, en ekki Glitni sjóðum hf., sem enn frekar renni stoðum undir þá röksemd sóknaraðila að ekki sé skilið á milli starfsmanna Glitnis sjóða hf. og starfsmanna varnaraðila. Ennfremur sé vísað til fyrri umfjöllunar um þau óskýru skil sem hafi vírst vera á milli starfsmanna varnaraðila annars vegar og rekstrarfélagsins hins vegar.

Með vísan til ofangreinds telji sóknaraðili ljóst að varnaraðili hafi í raun haft svo mikil ítök og yferráð yfir rekstrarfélaginu að dótturfélagið hafi á engan hátt getað talist sjálfstætt og líta megi svo á að um eitt félag hafi verið að ræða. Þannig megi samsama varnaraðila dótturfélagi hans og gera hann ábyrgan fyrir athöfnum dótturfélagsins og þeim ákvörðunum sem teknar hafi verið í nafni dótturfélagsins.

Með vísan til framangreinds beri varnaraðili skaðabótaskyldu vegna þess tjóns, sem hlotist hafi af saknæmum og ólögætum athöfnum eða athafnaleysi starfsmanna rekstrarfélagsins, sem hafi lotið stjórn starfsmanna varnaraðila, og hafi öðru fremur verið ætlað að vernda hagsmunum varnaraðila.

Sóknaraðili bendi einkum á að að jafnræðis hlutdeildarskírteinishafa í Sjóði 9.3 hafi ekki verið gætt. Stjórnendur rekstrarfélagsins hafi vankrækt að loka fyrir innlausnir í sjóðnum fyrr en hátt í helmingi eigna sjóðsins hafði verið ráðstafað vegna innlausna. Athafnaleysi starfsmanna rekstrarfélagsins hafi því leitt til þess að tilteknir hlutdeildarskírteiniseigendur hafi fengið fullnægju krafna sinna af verðmætari og auðseljanlegri eignum sjóðsins og lántöku sjóðsins hjá varnaraðila. Á meðan hafi sóknaraðili og aðrir eigendur hlutdeildarskírteina, sem ekki hafi fengið innlausn, orðið að sæta verulegri skerðingu á kröfum sínum við slit sjóðsins þar sem verðmæti eigna hans hafi verið hverfandi, ekki hafi verið hægt að koma þeim í verð fyrr en löngu síðar og gera hafi orðið upp skuldir sjóðsins við slit hans, þ.m.t. lántöku sjóðsins sem notuð hafi verið til að fjármagna innlausn annarra hlutdeildarskírteiniseigenda. Að mati sóknaraðila hafi borið að nýta ákvæði í útboðsgögnum sjóðsins og 2. mgr. 53. gr. laga nr. 30/2003 til þess að fresta innlausnum og gæta þannig að jafnræði og hagsmunum allra hlutdeildarskírteinishafa sjóðsins, sbr. 2. mgr. 15. gr. laganna.

Sóknaraðili telji að varnaraðili beri skaðabótaskyldu á saknæmri og ólögumætri háttsemi varnaraðila við rekstur Sjóðs 9.3. Með vísan til ofangreinds bendi sóknaraðili á að sú háttsemi sem um ræði sé í fyrsta lagi brot á skyldu til þess að innleysa hlutdeildarskírteini og koma eignum í öruggt skjól. Í öðru lagi vanræksla á ráðgjafar- og upplýsingaskyldu til sóknaraðila. Í þriðja lagi brot á skyldu til óhlutrægni og skyldu til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Í fjórða lagi telji sóknaraðili að varnaraðili hafi, sem eigandi og stjórnandi rekstrarfélagsins Glitnis sjóða hf., brotið gegn jafnræði eigenda hlutdeildarskírteina. Varnaraðili beri þannig réttilega ábyrgð á starfsmönnum Glitnis sjóða hf. á grundvelli reglunnar um vinnuveitendaábyrgð. Reglan feli í sér að vinnuveitandi geti orðið skaðabótaskyldur vegna tjóns, sem starfsmaður hans hafi valdið með saknæmum hætti.

Sóknaraðili telji ljóst að orsakasamband sé á milli saknæmrar og ólögumætrar háttsemi varnaraðila og þess tjóns sem varnaraðili hafi orðið fyrir vegna hennar. Þannig telji sóknaraðili að með því að brjóta gegn ákvæðum laga, eignastýringarsamningi aðila og vanrækja skyldu til ráðgjafar og upplýsingagjafar líkt og áður hefur verið lýst, hafi varnaraðili valdið sóknaraðila stórfelldu fjárhagslegu tjóni. Þá hafi starfsmenn rekstrarfélagsins brotið gegn ákvæðum laga og reglna varnaraðila um hagsmunaárekstra sem gera verði varnaraðila ábyrgan fyrir samkvæmt framansögðu.

Sóknaraðili telji tjón sitt nema fjárhæð skaðabótakröfu sinnar. Fjárhæð kröfu sóknaraðila sé mismunurinn á skráðu verðmæti hlutdeildarskírteina sóknaraðila í Sjóði 9.3 hinn 6. október 2008, sem hafi verið 986.707.063,45 krónur og endurheimtum sóknaraðila á fjármunum sínum með innborgunum, sem alls hafi numið 304.534.413,69 krónum. Auk þess geri sóknaraðila þá kröfu að varnaraðila verði gert að greiða honum kostnað sem hann hafi orðið fyrir við að halda kröfu sinni í frammi, samtals 1.605.526 krónur.

Sóknaraðili hafi verið meðvitaður um þá áhættu sem fjárfesting í hlutdeildarskírteinum sjóðsins hafi haft í för með sér. Sóknaraðili bendi þó á að fjárfestingin hafi verið kynnt sem nokkuð örugg fjárfesting, sbr. upplýsingaskjal um sjóðinn frá varnaraðila sem liggja fyrir í málinu. Á grundvelli fullyrðinga

varnaraðila þess efnis hafi sóknaraðili fjárfest gríðarlega mikið í sjóðnum, og hafi gengið út frá því að ekki yrði verulegt tap af fjárfestingunni. Að minnsta kosti yrði tryggt að jafnræðis yrði gætt með hlutdeildarskírteiniseigendum þannig að þeir bæru jafnan hlut frá borði kæmi til verulegra breytinga á undirliggjandi eignum sjóðsins.

Kröfufjárhæðin sé fundin út með þeim hætti að 6. október 2008 hafi nafnverð hlutdeildarskírteina í Sjóði 9.3 verið 7.118,3107 bandaríkjadalir, á genginu 1.060,48. Verðmæti hlutdeildarskírteina sóknaraðila í sjóðinum þann dag hafi því verið 7.548.826 bandaríkjadalir. Sölugengi bandaríkjadals þann 22. apríl 2009 hafi verið 130,71 og hafi verðmæti hlutdeildarskírteina sóknaraðila því verið 986.707.063,45 krónur. Frádragnar hafi verið innborganir vegna innlausna úr Sjóði 9.3, á sölugengi þess dags sem innlausnirnar hafi farið fram. Heildarfjárhæð innborgana hafi verið 304.534.413,69 krónur og sé heildarkrafa sóknaraðila því 682.172.650 krónur.

Skaðabótakröfu sína kveðst sóknaraðili byggja á almennum reglum skaðabótaréttar, þá aðallega reglum um skaðabótaskyldu innan samninga, sakareglunni og reglum um sérfræðiábyrgð. Einnig sé byggt á lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, hvað varði bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla og skaðlega ráðgjöf gegn hagsmunum viðskiptamanns til verndar hagsmunum fjármálastofnunar. Þá sé vísað til laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingasjóði og reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja. Einnig vísi sóknaraðili til meginreglna samningaréttar. Kröfu um dráttarvexti byggi sóknaraðili á ákvæðum III. og IV. kafla laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, af höfuðstól krafna frá tjónsdegi 7. október 2008 til 22. apríl 2009. Kröfunum sé lýst sem almennum kröfum í samræmi við ákvæði 113. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. Krafa um málskostnað grundvallist á 1. mgr. 129. gr. og 1. mgr. og 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 2. mgr. 178. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

#### IV

Varnaraðili kveðst í greinargerð sinni mótmæla öllum málsástæðum og lagarökum sóknaraðila. Því sé hafnað að krafa sóknaraðila skuli viðurkennd sem almenn krafa skv. 113. gr. laga nr. 21/1991. Telji varnaraðili að skilyrði skaðabóta séu ekki fyrir hendi enda hafi varnaraðili í engu vanrækt skyldur sínar samkvæmt eignastýringasamningi, lögum og reglum. Varnaraðili kveðst hafna þeirri fullyrðingu sóknaraðila að starfsmönnum varnaraðila hafi verið ljóst í hvað stefndi á haustmánuðum 2008 og að þar af leiðandi hafi þeim borið enn ríkari skyldur en ella til að innleysa hlutdeildarskírteini sóknaraðila.

Þann 13. desember 2007 hafi varnaraðili og sóknaraðili skrifað undir samning um eignastýringarþjónustu. Þann sama daga hafi verið ákveðin fjárfestingarstefna fyrir sóknaraðila, sbr. viðauka 1 við samninginn. Í viðaukanum komi fram að varnaraðila hafi verið heimilt að fjárfesta í nafni sóknaraðila í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða, verðbréfum, skuldabréfum eða hlutabréfum sem skráð hafi verið á opinberum verðbréfamörkuðum og í innlánnum í bönkum og skuldabréfum. Varnaraðili hafi ekki farið útfyrir fjárfestingarstefnu sóknaraðila er keypt hafi verið hlutdeildarskírteini í sjóði 9.3, og sé það óumdeilt milli aðila málsins.

Í 12. gr. sammingsins sé fjallað um ábyrgð varnaraðila. Komi þar m.a. fram að bankinn beri ekki ábyrgð á gengislækkunum verðbréfa eða tapi á verðbréfum sem keypt hafi verið fyrir hönd viðskiptavinar. Í útboðslýsingu um sjóð 9.3. sé ítarlega fjallað um áhættu tengda fjárfestingu í fjárfestingarsjóðum. Segi þar m.a. að fjárfesting í fjárfestingarsjóðum feli í sér áhættu og að fjárfestingarsjóðir séu áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóðir og að gengi fjárfestingarsjóða geti lækkað jafnt sem hækkað. Þá segi að verðmæti eignar í sjóði geti á einhverjum tímupunkti verið lægra en það hafi verið fyrr á eignartímanum og að ávöxtun í fortíð sé ekki vísbending um hver ávöxtun verði í framtíðinni. Þá sé það tekið fram að fjárfestar ættu að hafa í huga að hugsanlega fái þeir minna til baka en þeir fjárfesti fyrir í upphafi. Einnig sé ítarlega farið yfir alla áhættuþætti sem gætu haft áhrif á verðmæti eignarhluta í sjóðnum í útboðslýsingu. Sóknaraðila hafi því ekki getað dulist að áhætta hafi verið fólgin í því að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum.

Af framangreindu sé ljóst að peningamarkaðssjóðurinn hafi alls ekki verið markaðssettur sem áhættulaus, enda fylgi öllum fjárfestingum áhætta. Það hafi hins vegar verið mat varnaraðila að sjóðurinn, út frá eignasamsetningu og sögulegum sveiflum á ávöxtun, væri áhættulítill líkt og markaðsefnið hafi endurspeglað. Sóknaraðili vísi til þess að starfsmaður varnaraðila, Kolbrún Kolbeinsdóttir, sem hafi séð um eignastýringu fyrir sóknaraðila hafi vitað að áhlaup hafi verið á sjóðinn og að útlitið væri eins svart eins og síðar hafi komið í ljós. Þann 29. september 2008 hafi verið tilkynnt að ríkisstjórn Íslands og helstu hluthafar varnaraðila hefðu gert með sér samning um yfirtöku ríkisins á 75% af hlutafé varnaraðila, og með því styrkt efnahag bankans og íslenska bankakerfið í heild sinni. Dagleg starfsemi bankans, ásamt samskiptum við viðskiptavinum hans, hafi haldið áfram þar til 7. október 2008 þegar Fjármálaeftirlitið hafi skipað skilanevnd yfir varnaraðila á grundvelli svokallaðra neyðarlaga, nr. 125/2008. Eftir þessa ákvörðun ríkisstjórnar Íslands um yfirtöku á 75% eignarhlut varnaraðila hafi starfsmenn varnaraðila verið í góðri trú um að búið væri að bjarga bankanum og að með þessu útspili ríkisins hafi ekkert bent til annars en að sjóðurinn myndi halda áfram að vera áhættulítill.

Sóknaraðili haldi því fram að sérfræðingar varnaraðila hafi haft greiðan aðgang að upplýsingum um viðskipti í sjóðnum í kauphöll. Þessi staðhæfing sóknaraðila sé beinlínis röng. Ekki sé hægt að sjá kaup og sölu á hlutdeildarskírteinum í Kauphöll eins og hægt sé þegar um skuldabréf og hlutabréf sé að ræða. Viðskiptastjóri sóknaraðila hafi því ekki á neinn hátt getað vitað hversu mikið hafi verið að selja úr sjóðnum, hvorki með upplýsingum frá Kauphöll né frá Glitnis sjóðum enda ekkert upplýsingaflæði á milli sjóðsstjóra Glitnis sjóða og starfsmanna varnaraðila, vegna svokallaðra „kínamúra“. Viðskiptavinir varnaraðila hafi notið jafnræðis er komið hafi að upplýsingum, verði og öðrum viðskiptakjörum, en eins og áður segi hafi starfsmenn varnaraðila ekki, frekar en aðrir landsmenn, haft vitneskju um að varnaraðili myndi falla nokkrum dögum eftir fyrnefnda yfirlýsingu ríkisins. Viðskiptastjóri sóknaraðila hjá varnaraðila hafi því engar upplýsingar haft um það að áhlaup hefði verið gert á sjóðinn og hafi því með engu móti getað varað sóknaraðila við eins og hann haldi fram í greinargerð sinni að varnaraðila hefði borið að gera. Sóknaraðili vitni til þess í greinargerð sinni að skv. 19. og 2. mgr. 62 gr. laga nr. 30/2003 og 5. gr. laga nr. 108/2007 hafi varnaraðila borið að starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur í verðbréfavíðskiptum, með trúverðugleika fjármálamarkaðarins og hagsmunum sóknaraðila að leiðarljósi. Varnaraðili hafi unnið með ofangreind

markmið að leiðarljósi og eins og áður sé fram komið hafi starfsmenn varnaraðila og þá einkum viðskiptastjóri sóknaraðila hjá varnaraðila ekki haft upplýsingar sem hafi gefið tilefni til þess að hvetja sóknaraðila til þess að selja úr sjóði 9.3 heldur hafi starfsmenn þvert á móti verið bjartsýnir um að varnaraðila hefði verið bjargað með yfirtöku ríkisins á 75% hluta í bankanum.

Þá álykti sóknaraðili að fjölmargir eigendur hlutdeildarskírteina í Sjóði 9.3 sem hafi verið í eignastýringu hjá varnaraðila hafi selt í kjölfar upplýsinga sem þeir hafi fengið frá varnaraðila um stöðu sjóðsins. Sé þessari fullyrðingu mótmælt harðlega af varnaraðila. Sóknaraðili hafi ekki lagt fram nein gögn sem styðji þessa fullyrðingu

Sóknaraðili haldi því jafnframt fram að varnaraðili hafi brotið gegn 18. gr. laga nr. 108/2007 þar sem kveðið sé á um að fjármálafyrirtæki skuli leita allra leiða til að tryggja bestu mögulega niðurstöðu fyrir viðskiptavini. Varnaraðili mótmæli þessari fullyrðingu sóknaraðila enda ljóst að starfsmenn varnaraðila hafi ekki búið yfir neinum upplýsingum sem hafi leitt til þess að þeir hafi vitað að sjóður 9.3 myndi lækka í verði eins og hann hafi gert. Þá ítreki varnaraðili ákvæði 12. gr. samnings um eignastýringarþjónustu þar sem komi fram að varnaraðili beri ekki ábyrgð á gengislækkun sjóðanna. Fjárfestingin í Sjóði 9.3. hafi verið áhættufjárfesting og sóknaraðila hafi mátt vera það ljóst.

Varnaraðili vísi á bug aðdróttunum sóknaraðila um að eignasamsetning sjóðsins hafi að mestu leyti samanstáðið af fjármálagerningum tengdum bankanum og eigendum hans. Þegar upplýsingar um fjárfestingar sjóðsins séu skoðaðar sé augljóst að þessi staðhæfing eigi ekki við rök að styðjast. Listinn endurspeglir einfaldlega þau fyrirtæki sem áberandi hafi verið á íslenskum fjármálamarkaði á þessum tíma. Varnaraðili ítreki einnig að hann hafi ekki séð um fjárfestingar hjá Glitnis sjóðum, heldur hafi það verið sjóðsstjórar sem þar hafi starfað.

Varnaraðili mótmæli því jafnframt að þrátt fyrir að fjöldi hlutdeildarskírteinishafa hafi innleyst fjárfestingar sínar frá 29. september 2008 til og með 6. október 2008 leiði það til þess að varnaraðili beri ábyrgð á því að sóknaraðili hafi tapað fjármunum sínum í sjóðnum. Þá mótmæli varnaraðili því að sóknaraðili hafi sýnt fram á það að ákvæði eignastýringasamnings og verklagsreglur varðandi hagsmunaárekstra, óhlutdrægni og jafnræði hafi verið brotin.

Að framangreindu virtu hafni varnaraðili því að hann hafi vanrækt skyldur samkvæmt eignastýringasamningi aðila eða samkvæmt lögum.

Sóknaraðili haldi því fram að varnaraðili hafi á saknæman og ólögmetan hátt vanrækt skyldu sína til ráðgjafar og upplýsingaskyldu og beri á því skaðabótaábyrgð á grundvelli sakarreglunnar. Varnaraðili mótmæli þeirri staðhæfingu sóknaraðila alfarið.

Sóknaraðili haldi því fram að varnaraðili, þá væntanlega viðskiptastjóri sóknaraðila, hafi verið grandvís um ástandið sem leitt hafi til hruns varnaraðila. Varnaraðili mótmæli þessu. Hrun íslensku bankanna hafi komið öllum í opna skjöldu og tap peningamarkaðssjóðsins megi að mestu leyti rekja til þess hruns. Þá bendi varnaraðili á að íslenska ríkisstjórnin hafi lýst því yfir að henni tækist að

koma í veg fyrir slíkt bankahrun, meðal annars með því að aðstoða varnaraðila. Vegna uppnáms á fjármálamörkuðum hafi verið ákveðið að loka fyrir innlausnir í peningamarkaðssjóðnum að morgni 6. október. Samhliða hafi Fjármálaeftirlitið tekið ákvörðun um að loka fyrir viðskipti með öll verðbréf útgefin af Landsbanka, Glitni, Kaupþingi, Spron, Exista og Straumi.

Fyrir setningu neyðarlaga hinn 6. október 2008 hafi innlán, hlutdeildarskírteini og skuldabréf verið jafnréttháar kröfur á þrotabú. Með setningu neyðarlaganna, þar sem rétt hæð krafna hafi verið breytt, og innlán gerð rétt hærrí en skuldabréf, hafi átt sér stað ófyrirséð og fordæmalaus breyting, sem gerbreytt hafi starfsumhverfi peningamarkaðssjóðsins. Um hafi verið að ræða kerfishrun og fjármálakerfi landsins hafi hrunið nánast í einu vettvangi þegar allir viðskiptabankar landsins hafi hrunið á nokkrum dögum, en það sé fordæmalaust í vestrænum hagkerfum enda hafi ekki komið til stuðningur eða inngríp ríkisins til að bjarga bönkunum.

Sú lækkun sem orðið hafi á gengi peningamarkaðssjóðsins hafi í fyrsta lagi stafað af lækkun á skuldabréfum hinna íslensku viðskiptabanka. Verðlækkun skuldabréfanna hafi m.a. verið bein afleiðing af lagasetningunni þar sem innlán hafi verið gerð rétt hærrí en skuldabréf með neyðarlögunum. Önnur lækkun hafi stafað af verðlækkun á skuldabréfum annarra fyrirtækja og fjárfestingarféлага. Um leið og þessi staða hafi komið í ljós, hafi varnaraðili hafist handa við að tryggja hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa með því að reyna að tryggja peningamarkaðssjóðnum fullt virði skuldabréfa útgefnum af hinum íslensku bönkum. Viðræður hafi átt sér stað við ráðherra, Fjármálaeftirlitið og aðra hagsmunaaðila og reynt hafi verið að finna lausn á vandanum. Margar tillögur hafi verið ræddar en niðurstaðan orðið sú, að Fjármálaeftirlitið hafi beint þeim tilmælum til rekstrarféлага peningamarkaðssjóða 17. október 2008 að sjóðunum yrði slitið og hlutdeildarskírteinishöfum greitt út laust fé í formi innlána. Í tilmælunum hafi einnig verið lagt til að greitt yrði mánaðarlega inn á reikninga hlutdeildarskírteinishafa eftir því sem eignir fengjust greiddar og að jafnræðis hlutdeildarskírteinishafa yrði gætt. Þar með hafi verið ljóst að ríkið myndi ekki koma að lausn málsins með beinum eða samræmdum hætti, heldur hafi því verið beint til rekstrarféлага peningamarkaðssjóða að finna lausn til að slíta sjóðum sínum. Stjórn og framkvæmdarstjóri Glitnis sjóða hafi leitað allra leiða til að finna þær lausnir, sem væru hagstæðastar fyrir hlutdeildarskírteinishafa. Komist hafi verið að þeirri niðurstöðu að heppilegast væri að selja allar eignir sjóðsins og slíta honum til að eyða allri óvissu eigenda og koma fjármunum í ávöxtun í formi örugga innlána. Hvað sem framangreindu líði, verði að telja að sóknaraðili hafi vitað eða mátt vita að með fjárfestingu í peningamarkaðssjóðnum tæki hann áhættu enda felst ætíð ákveðin áhætta í slíkri fjárfestingu.

Sóknaraðili eins og aðrir sjóðfélagar, hafi væntanlega upplifað þátttöku sína í peningamarkaðssjóði varnaraðila þannig fram að hruni bankanna og íslensks efnahagslífs, að öll starfsemi þar væri í góðu lagi, enda hafi ekki liðið sá dagur að gengi hlutdeildarskírteina varnaraðili hækkaði ekki, allt þar til ógæfan dundi yfir. Sóknaraðili virðist ekki hafa gert sér grein fyrir því að hrun íslensku bankanna, samfara algerri kollsteypu íslensks efnahagslífs, eigi sér hvorki fordæmi fyrir né síðar í efnahagskerfi nokkurs ríkis. Því hruni megi líkja við alvarlegar náttúruhamfarir og í raun megi segja að í þeim hamförum hafi varnaraðili gert vel í að bjarga því, sem þó hafi verið bjargað af hagsmunum sóknaraðila. Sóknaraðili

geti við þær aðstæður, sem uppi voru á markaði hér á landi, ekki gert ráð fyrir öðru en að tapa einhverju af eign sinni í sjóðnum.

Varnaraðili mótmæli þeirri fullyrðingu sóknaraðila að starfsmenn varnaraðila hafi haft vitneskju um þá stöðu sem íslenska bankakerfið hafi verið í á haustmánuðum 2008.

Sóknaraðili telji að varnaraðili beri ábyrgð á athöfnum og athafnaleysi starfsmanna Glitnis sjóða. Varnaraðili mótmæli þessu.

Glitnir sjóðir hf. hafi eins og áður segi verið dótturfélag varnaraðila. Haldi sóknaraðili því fram að lögskytt óhæði hafi ekki verið milli Glitnis banka hf. og Glitnis sjóða hf. Varnaraðili mótmæli þessu. Þegar félag fari með meirihluta atkvæða eða annars konar yferráð yfir öðru félagi sé líklegt að félögin hafi líka viðskiptastefnu. Tilgangur þess að mynda samstæðu sé m.a. að geta notið viðskiptavildar sem hlutafélag innan samstæðunnar kunni að hafa eða til þess að geta notið starfskrafta þess starfsfólks sem þar starfi. Ekki sé óeðlilegt að hluti af stjórn Glitnis sjóða hafi einnig verið starfsmenn varnaraðila enda fari hagsmunir dótturfélags saman við hagsmuni móðurfélagsins og þar með samstæðunnar í heild sinni.

Glitnir sjóðir hf. hafi verið sjálfstætt fjármálafyrirtæki með starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfa- og fjárfestingarsjóða, samkvæmt 27. gr. laga nr. 161/2002., sbr. B-lið II. kafla laga nr. 30/2003. Þannig fari sjálfstæð stjórn með yfirstjórn félagsins á milli hluthafafunda í samræmi við ákvæði laga nr. 161/2002 og laga nr. 2/1995, um hlutafélög eftir því sem við eigi. Þar sem Glitnir sjóðir hf. hafi verið fjármálafyrirtæki gildi ákvæði VII. kafla laga nr. 161/2002 um stjórn og starfsmenn Glitnis sjóða hf. Þannig þurfi stjórnarmenn og framkvæmdastjóri að uppfylla hæfisskilyrði 52. gr. laga nr. 161/2002 og sé það undir Fjármálaeftirlitinu að ákveða hvort skilyrðin séu uppfyllt.

Hlutverk stjórnar Glitnis sjóða hf. hafi verið yfirstjórn á milli hluthafafunda, en jafnframt að hafa eftirlit með og tryggja að starfsemin uppfyllti skilyrði laga og að farið væri eftir þeim reglum sem um starfsemina giltu. Í því hafi m.a. falist að tryggja að einstaka sjóðir færu ekki út fyrir þær fjárfestingarheimildir sem þeim hafi verið markaðar eða sem leiða hafi mátt af lögum. Þannig hafi það ekki verið stjórn Glitnis sjóða hf. sem tekið hafi ákvarðanir um einstakar fjárfestingar. Raunar segi í 55. gr. laga nr. 161/2002 að stjórn fjármálafyrirtækis skuli ekki taka þátt í ákvörðunum um einstök viðskipti, nema umfang þeirra sé verulegt miðað við stærð fyrirtækisins. Slíkar ákvarðanir hafi því verið í höndum framkvæmdarstjóra og sjóðsstjóra er starfað hafi hjá Glitnis sjóðum hf. Þar sem þeirra ranghugmynda virðist gæta í málalíbúnaði sóknaraðila að stjórn Glitnis sjóða hafi með virkum hætti tekið þátt í ákvörðunum um einstakar fjárfestingar sjóða Glitnis sjóða hf. þá ítreki varnaraðili að svo hafi ekki verið. Stjórn Glitnis sjóða hf. hafi farið með yfirstjórn félagsins milli aðalfunda og hafi sinnt eftirlitshlutverki sínu en hafi ekki tekið þátt í ákvörðunum um einstakar fjárfestingar, enda hefði slíkt verið í andstöðu við 55. gr. laga nr. 161/2002.

Varnaraðili hafi ekki borið ábyrgð á gjörðum Glitnis sjóða hf. Glitnir sjóðir hf. hafi verið dótturfélag varnaraðila og dótturfélagið hafi verið sjálfstætt fjármálafyrirtæki með eigin kennitölu, kt. 690694-2719. Varnaraðili og Glitnir

sjóðir hf. hafi verið samstæða í skilningi 4. mgr. 2. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Samstæðan sem slík, þ.e. Glitnir sjóðir hf. og Glitnir banki hf., sé ekki sjálfstæð lögpersóna heldur aðeins þau félag sem séu innan hennar. Því geti ekki komið til þess að samstæðan sjálf beri neina ábyrgð eða komi sjálfstætt fram gagnvart þriðja manni. Varnaraðili geti af þessum sökum ekki borið skaðabótaábyrgð á gjörðum dótturfélags síns, Glitnis sjóða hf.

Varnaraðili vísi til þess að Glitnir sjóðir hf. hafi annast rekstur umrædds fjárfestingarsjóðs um sameiginlega fjárfestingu í samræmi við lög, ákvörðun stjórnar og reglur sjóðsins. Glitnir sjóðir hf. hafi tekið ákvarðanir varðandi fjárfestingar sjóðsins og hafi annast framkvæmd hans sem rekstraraðili. Varnaraðili hafi hins vegar verið vörslufyrirtæki í skilgreiningu laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingasjóði. Í 20. gr. laganna séu verkefni vörslufyrirtækis útlustuð en þar komi fram að hlutverk vörslufyrirtækis sé m.a. að tryggja að farið sé eftir lögum og reglum varðandi ýmsa þætti reksturs rekstrarfélagsins. Það hafi hins vegar ekki verið hlutverk varnaraðila að taka viðskiptalegar ákvarðanir er varðað hafi sjóðinn. Samkvæmt 22. gr. laga nr. 30/2003 beri vörslufyrirtækið ábyrgð gagnvart rekstrarfélaginu og eigendum hlutdeildarskírteinis vegna tjóns sem rekja megi til ásetnings eða gáleysis starfsmanna vörslufyrirtækis við framkvæmd verkefna skv. 20. gr. laga nr. 30/2003. Almenn ábyrgð varnaraðila sem vörslufyrirtækis takmarkist því við þau tilvik sem talin séu upp í 20. gr. laga nr. 30/2003.

Á grundvelli 18. gr. laga nr. 30/2003 sé rekstrarfélagi fjárfestingarsjóðs heimilt að útvista hluta af öðrum verkefnum sínum til annarra aðila að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Á grundvelli þeirrar heimildar hafi rekstrarfélagið Glitnir sjóðir hf., falið varnaraðila að sjá um hluta af daglegum rekstri, annan en fjárfestingar. Hafi verkefni sem varnaraðila hafi verið falið að sjá um nánar tilgreind í útboðslýsingu. Í 2. mgr. 18. gr. laga nr. 30/2003 komi fram að þegar rekstrarfélag feli öðru fyrirtæki verkefni sín skv. 17. gr. laganna, líkt og rekstarfélagið hafi falið varnaraðila, þá hafi það engin áhrif á ábyrgð rekstrarfélags gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina. Varnaraðili beri því ekki ábyrgð gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina vegna framkvæmdar þeirra verkefna sem varnaraðila hafi verið falin á grundvelli 1. mgr. 18. gr. laga nr. 30/2003 heldur sé ábyrgðin á rekstrarfélaginu sbr. 2. mgr. sömu lagagreinar.

Þá sé skýrt tekið fram í útboðslýsingu að þrátt fyrir að Glitnir sjóðir hf. feli Glitni banka hf. hluta af verkefnum sínum skv. 17. gr. laganna hafi það engin áhrif á ábyrgð Glitnis sjóða hf. gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina í Fjárfestingasjóðum Glitnis. Glitnir sjóðir hf. beri fulla ábyrgð á úrlausn og framkvæmd verkefna Glitnis banka hf. gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina í Fjárfestingasjóðum Glitnis.

Samkvæmt 1. mgr. 53. gr. laga nr. 30/2003 séu hlutdeildarskírteini fjárfestingarsjóðs innlausnarskyld eftir reglum viðkomandi sjóðs. Samkvæmt þeim reglum sé þó heimilt að fresta innlausn hlutdeildarskírteina. Sú ráðstöfun skuli vera almenn og taka til allra skírteina og verði henni einungis beitt mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda krefji. Skuli ráðstöfunin þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu og jafnframt auglýst opinberlega, sbr. 2. mgr. sömu lagagreinar.

Samkvæmt útboðslýsingu Glitnis sjóða hafi varnaraðila verið skylt að innleysa hlutdeildarskírteini að kröfu eiganda á því kaupgengi sem gildi á innlausnardegi í samræmi við ákvæði laga og reglna þar að lútandi. Í sama kafla sé að finna heimild til að fresta innlausn hlutdeildarskírteina undir sérstökum kringumstæðum en ákvæðið sé að öðru leyti efnislega samhljóða 2. mgr. 53. gr. laga nr. 30/2003. Í dæmaskyni um tilvik sem heimili frestun innlausnar sé nefnd lokun kauphallar, þar sem verulegur hluti eigna sjóðsins sé skráður þannig að ekki reynist unnt að staðreyna innlausnarvirði, eða sjóðurinn standi frammi fyrir svo miklum kröfum um innlausn að ekki sé unnt að mæta þeim nema með sölu eigna sem gæti tekið einhvern tíma. Þá segi að frestun skuli tilkynnt Fjármálaeftirliti og auglýst opinberlega.

Að morgni 6. október 2008 hafi Fjármálaeftirlitið tekið þá ákvörðun að stöðva tímabundið viðskipti með fjármálagerninga sem gefnir hafi verið út af öllum helstu fjármálafyrirtækjum landsins og teknir hafi verið til viðskipta á skipulögðum markaði. Hafi komið fram í tilkynningu eftirlitins að það teldi óvissu koma í veg fyrir eðlilega verðmyndun verðbréfa auk þess sem verðmótandi upplýsingar væru orðnar of dreifðar til að unnt væri að tryggja trúnað þeirra og þar með jafnræði fjárfesta. Fyrir liggir að verulegur hluti eigna sjóðsins hafi verið verðbréf útgefin af þeim fjármálafyrirtækjum sem framangreind ákvörðun Fjármálaeftirlitsins hafi tekið til. Sé ágreiningslaust með aðilum að fyrir hendi hafi verið sérstakar aðstæður á fjármálamarkaði sem hafi heimilað varnaraðila að fresta innlausn hlutdeildarskírteina. Sóknaraðili telji að Glitnir sjóðir hefðu átt að loka fyrir innlausnir fyrr en gert hafi verið.

Sóknaraðili byggi á því að Glitnis sjóðir hafi átt að loka fyrir fyrir innlausnir í sjóðnum. Varnaraðili mótmæli þessari málsástæðu og telji hana ekki eiga sér stoð í raunveruleikanum. Reyndin hafi verið sú, að allt fram að hrúni íslensku viðskiptabankanna hafi varnaraðili, eins og aðrir þeir aðilar sem best hafi þekkt til, staðið í þeirri trú að íslenskt efnahagslíf stæði í grundvallaratriðum á traustum grunni og fáa, ef nokkra, hafi óráð fyrir því að íslensku bankarnir, og þar með íslenskt efnahagslíf, myndi hrynja eins og spilaborg á nokkrum dögum. Þessu til stuðnings megi meðal annars benda á skýrslur og ummæli Seðlabanka, Fjármálaeftirlits, ráðherra, þingmanna og greiningardeilda bankanna, sem verið hafi í þá átt að íslenska bankakerfið og grunnstoðir efnahagslífsins stæðu traustum fótum. Að forsvarsmönnum Glitnis sjóða hafi borið að hlutast til um og loka fyrir innlausnir sé fráleitt enda á þessum tíma m.a. komin yfirlýsing frá ríkisstjórn um yfirtöku og geti það ómögulega varðað varnaraðila skaðabótaábyrgð miðað við þann raunveruleika sem varnaraðili og aðrir hafi starfað við fyrir bankahrúnið. Af hálfu varnaraðila sé á því byggt að engin mismunun hafi átt sér stað og að ekki hafi verið ástæða til að loka eða fresta innlausnum. Peningamarkaðssjóðurinn hafi verið opin til innlausna og fjárfestinga til loka 6. október 2008. Eins og þegar hafi komið fram, hafi íslenska ríkisstjórnin gefið út yfirlýsingu 29. september þess efnis að íslenska ríkið hygðist koma inn í varnaraðila með verulega eiginfjárbátttöku. Með þessu hafi ríkisstjórnin fylgt eftir stefnu sinni um að styðja við íslenskt fjármálakerfi.

Telur varnaraðili af þessum sökum að hann beri ekki ábyrgð á ætluðum saknæmum og ólögðum athöfnum eða athafnaleysi starfsmanna Glitnis sjóða eins og sóknaraðili haldi fram.

Sóknaraðili haldi því fram að varnaraðili hafi með ólögmatum og saknæmum hætti komið í veg fyrir að sóknaraðili fengi umráð peninga sinna og vörslur. Þann 29. september 2008 hafi Glitnir sjóðir hf. ákveðið, eftir samráð við Fjármálaeftirlitið, að fresta innlausn hlutdeildarskírteina hjá rekstrarfélaginu í samræmi við 53. gr. laga nr. 30/2003. Hafi frestunin á innlausn verið almenn og talin nauðsynleg vegna óvissu á markaði og til að vernda hagsmuni sjóðsfélaga. Glitnissjóðir hafi opnað fyrir viðskipti í sjóðnum á ný tveimur dögum síðar eða þann 1. október 2008. Í útboðslýsingu sé einnig upplýst að heimilt sé að fresta innlausn hlutdeildarskírteina ef sérstakar aðstæður mæli með því og hagsmunir eiganda krefjist þess. Hafi frestun á innlausn verið lögmæt til þess að vernda hagsmuni sjóðsfélaga.

Að mati varnaraðila hafi sóknaraðili ekki gert viðhlítandi grein fyrir bótakröfu sinni né heldur sýnt fram á orsakasamband á milli ætlaðs tjóns síns og ætlaðs saknæms og ólögmarks atferlis á ábyrgð varnaraðila. Engin umfjöllun sé um orsakatengsl milli hins ætlaða tjóns og háttsemi varnaraðila og ekki hafi verið sýnt fram á, eða líkur leiddar að því, að hið ætlaða tjón sé sennileg afleiðing af ætlaðri saknæmri háttsemi varnaraðila.

Jafnvel þótt að sóknaraðili hefði sýnt fram á bótaskylda háttsemi telji varnaraðili að hafna yrði bótakröfu sóknaraðila þar sem sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á tjón sitt. Sóknaraðili geti ekki miðað bótakröfu sína við síðasta skráða dagsgengi sjóðsins fyrir frestun á innlausn hlutdeildarskírteina í Sjóði 9.3 eða þann 29. september 2008. Jafnvel þótt öruggari fjárfestingakostir hefðu fundist að mati dómsins sé ekki hægt að miða við að gengi sjóðsins hefði ekki lækkað í þeim hamförum sem gengið hafi yfir hagkerfi heimsins. Það sé nánast sama hvar borið sé niður, allt hafi lækkað, hlutabréf, fasteignir og aðrar fjárfestingar, héraendis og erlendis. Þá beri að hafa í huga að hlutdeildarskírteini hafi notið sömu tryggingastöðu og innlán við gjaldþrot og ekki hafi mátt gera ráð fyrir því að þeirri stöðu yrði raskað með lagasetningu.

Varnaraðili kveðst vísa m.a. til laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármáلامarkaði o.fl., laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 44/2009, laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, laga nr. 2/1995, um hlutafélag, laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Auk þess vísist til almennra reglna skaðabótaréttarins um sönnun sakar, orsakasamband og sönnun tjóns. Ennfremur sé vísað meginreglu gjaldþrotaskiptaréttar um jafnræði kröfuhafa og meginreglu kröfu- og kauparéttar um varúðarskyldu kaupanda. Kröfu um málskostnað byggir varnaraðili á 130. gr., sbr. 129. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

V

Eins og nánar er rakið hér að framan þegar gerð var grein fyrir málsástæðum sóknaraðila byggir hann m.a. á því að starfsmönnum varnaraðila hafi borið á grundvelli samnings aðila um fjárvörslu og eignastýringu að selja hlutdeildarskírteini sóknaraðila í sjóði 9.3 eða í það minnsta vara hann við að að horfur væru slæmar með sjóðinn. Í málinu liggja fyrir yfirlit sem sýna að inneign í nefndum sjóði var talin vera í eignastýringu. Er það því mat dómsins að ekki valdi

sérstökum vafa að sala á umræddri eign hefði verið innan heimilda sem samningur aðila um eignastýringu ásamt umboði kvað á um.

Í 1. gr. samnings aðila kemur m.a. fram að eignastýring feli í sér tilfærslu á milli mismunandi tegunda verðbréfa eftir því sem tækifæri bjóðist á mörkuðum hverju sinni. Kveðið er m.a. á um það í 12. gr. samningsins að varnaraðili beri ábyrgð á tjóni á verðbréfaeign viðskiptavinar ef tjónið megi rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna bankans. Einnig kemur þar fram að varnaraðili beri ekki ábyrgð á gengislækkun verðbréfa eða tapi á verðbréfum sem keypt hafi verið fyrir hönd viðskiptavinar.

Í samræmi við almennar sönnunarreglur ber sóknaraðili máls þessa sönnunarbyrði fyrir því að tjón það sem hann varð fyrir vegna verðfalls á hlutdeildarskírteinum hans verði rakið til sakar starfsmanna sem varnaraðila ber ábyrgð á. Sóknaraðili byggir í fyrsta lagi á því að á starfsmanni varnaraðila hafi hvílt skylda samkvæmt ofangreindum samningi aðila, sbr. og nánar tilgreind ákvæði laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, sem og laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði að selja hlutdeild varnaraðila í sjóði 9.3. og koma fjármunum hans í „öruggt skjól“.

Þegar litið er til þess hver aðkoma íslenska ríkisins var að rekstri varnaraðila 29. september 2008 er ekki unnt að fallast á með sóknaraðila að starfsmenn varnaraðila hafi mátt sjá fyrir að 7. október 2008 myndi Fjármálaeftirlitið taka yfir stjórn stærstu fjármálafyrirtækja landsins og að þau yrðu í kjölfarið tekin til slitameðferðar. Þá verður einnig að fallast á með varnaraðila að starfsmenn hans hafi vart mátt sjá það fyrir að með lögum nr. 125/2008 hafi rétt hæð krafna við slit fjármálafyrirtækja verið breytt á þann veg að innstæðum hafi verið skipað sem forgangskröfum, en fram að þeim tíma voru slíkar kröfur jafnsettar t.d. kröfum samkvæmt skuldabréfum. Er ekki unnt að telja að sóknaraðili hafi rökstutt það með fullnægjandi hætti að verðmætisrýrnun sú sem varð á eignum í sjóði 9.3 stafi af ástæðum sem rekja megi til saknæmrar háttsemi starfsmanna varnaraðila eða annarra sem varnaraðila gæti talist bera ábyrgð á. Er það og mat dómsins að þrátt fyrir að sýnt sé að innlausnir úr sjóði 9.3 hafi verið umtalsverðar dagana 1., 2. og 3. október þá verði ekki séð að það eitt og sér hefði átt að leiða til þess að starfsmenn varnaraðila brygðust við fyrir hönd sóknaraðila. Ber hér að hafa í huga að ekki verður annað séð en að gengi hlutdeildarskírteina hafi verið stöðugt umrædda daga og eins það að ekkert hefur verið upplýst í málinu um að hvaða marki innlausn eigna sjóðsins hafi haft áhrif á markaðsverð þeirra. Liggur hins vegar fyrir í málinu að sjóðurinn átti töluvert af verðbréfum sem gefin voru út af bönkunum en augljóst er að verðmæti slíkra krafna féll verulega við að umræddar fjármálastofnanir voru teknar til slitameðferðar. Verður að telja ósannað í máli þessu að upplýsingum hafi verið haldið frá sóknaraðila eða að aðrir viðskiptamenn varnaraðila hafi fengið upplýsingar sem sóknaraðili hafi ekki fengið. Þá liggur ekkert fyrir í málinu sem gerir það líklegt að einhverjum upplýsingum hafi verið haldið frá sóknaraðila til að vernda hagsmuni varnaraðila og hefur það ekki verið rökstutt með fullnægjandi hætti hvernig það hefði verið varnaraðila til tjóns hefði sóknaraðili óskað innlausnar á hlutdeildarskírteinum sínum. Þá verður ekki séð að sóknaraðili hafi sýnt fram á að saknæm háttsemi hafi verið viðhöfð við fjárfestingar eða rekstur umrædds sjóðs og er því ekki þörf á að fjalla sérstaklega um hvort tengsl rekstrarfélags sjóðsins og varnaraðila hafi verið þannig að hann yrði talinn bera skaðabótaábyrgð vegna athafna eða athafnaleysis starfsmanna þess félags.

Þegar af þeim ástæðum sem að framan hafa verið raktar verður ekki talið að sóknaraðila hafi tekist sönnun þess að starfsmenn varnaraðila, eða aðrir menn sem varnaraðili beri ábyrgð á, hafi, með sagnæmum og ólögætum athöfnum eða athafnaleysi, valdið honum því tjóni sem hann varð fyrir er hlutdeildarskírteini hans féllu í verði. Verður ekki talið sýnt að hann hafi verið leyndur upplýsingum sem umræddum starfsmönnum hefði borið skylda til að veita honum á grundvelli samnings aðila eða lagaákvæða. Styðja gögn málsins fremur, að mati dómsins, þær fullyrðingar varnaraðila að orsök tjóns sóknaraðila megi rekja til hruns íslenska bankakerfisins og þess eignataps sem af því leiddi. Þegar af framangreindum orsökum verður kröfu sóknaraðila í málinu hafnað og fallist á með varnaraðila að staðfesta beri niðurstöðu slitastjórnar hans um að hafna því að viðurkenna kröfu sóknaraðila við slitameðferð varnaraðila.

Með hliðsjón af þessum málsúrslitum verður sóknaraðili úrskurðaður til að greiða varnaraðila málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn með þeirri fjárhæð sem greinir í úrskurðarorði.

Halldór Björnsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan að gættu ákvæði 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála en uppkvaðning úrskurðarins hefur dregist vegna embættisanna dómara.

## ÚRSKURÐARORÐ

Framangreindri kröfu sóknaraðila, Olíudreifingar ehf., að fjárhæð 682.172.650 krónur, auk nánar greindra dráttarvaxta, sem hefur kröfunúmerið CL20091125-3623 við slitameðferð varnaraðila Glitnis hf., er hafnað.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 750.000 krónur í málskostnað.

Halldór Björnsson